

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1.7.2021
Málsnr:	2103383
Bréfal:	511

Reykjavík, 24. júní 2021
UST202106-127/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 - Snókalönd

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 9. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 fyrir nýtt afþreytingar- og ferðamannasvæði við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Í greinargerð kemur fram breytingin fellst í því að 15 ha. svæði sem er flokkað sem Óbyggt svæði (ÓB) er breytt í Afþreytingar- og ferðamannasvæði (AF5). Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði unnið fyrir svæði AF5 í nánustu framtíð. Viðfangsefni deiliskipulagsins verður m.a. að útfæra bílastæði, afmarka byggingarreiti og útfæra skilmála fyrir byggingar og starfsemi innan svæðisins.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið að svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mikilvægt er að ofangreint ákvæði laganna komi fram í greinargerð.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hraunsvæðið sé þegar raskað vegna efnistöku. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast frekara rask á hrauninu sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á óröskuðu hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Rask og frágangur

Í greinargerð kemur fram að við Snókalönd séu gamlar hraunnámur. Umhverfisstofnun bendir á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfullst,



Björn Stefansson
sérfræðingur